



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Ægisborg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Ytra og innra mat Ægisborgar	4
2.1	Ytra mat – Starfsmannakönnun	4
2.2	Ytra mat -foreldrakönnun	6
2.3	Umbætur vegna ytra mats starfsárið 2021 - 2022	6
2.3.1	Umbótaáætlun leikskólans vegna ytra mats fyrir starfsárið 2022-2023	8
2.4	Innra mat Ægisborgar	8
2.4.1	Umbótaáætlun Ægisborgar vegna innra mats	10
3	Innra mat deilda	11
3.1	Innra mat Kots	11
3.1.1	Umbótaáætlun Kots	13
3.2	Innra mat Fjörudeild	13
3.2.1	Umbótaáætlun Fjörudeildar 2022-2023	17
3.3	Innra mat Bárudeild	17
3.3.1	Umbótaáætlun Bárudeildar	20
3.4	Innra mat Öldudeild	21
3.4.1	Umbótaáætlun Öldudeildar fyrir starfsárið 2022-2023	24
3.5	Innra mat sérkennslu	25
3.5.1	Umbótaáætlun sérkennslu fyrir 2022-2023	27
3.6	Innra mat – fjöltyngd börn	28
3.6.1	Umbótaáætlun vegna fjöltyngi 2022-2023	28
4	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	29
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	30
6	Foreldrasamvinna	32
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	33
8	Fylgigögn	34
8.1	Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	34



1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfsárið sem er nú að líða undir lok var heilt yfir ánægjulegt en starfsmannahópur Ægisborgar lagði af stað inn í starfsárið full af bjartsýni og með tilhlökkun að leiðarljósi. Verkefnin tóku á sig aðra mynd en við sáum fyrir vegna ytri aðstæðna sem upp komu. Húsnæðismál og heimsfaraldur Covid – 19 má segja að hafi haft gríðarleg áhrif á leikskólalífið. Farið var í miklar endurbætur á húsnæði Ægisborgar eftir að upp kom raki í gólfplötu og staðbundin mygla á tveimur stöðum. Það sem var gert: lagður hiti í öll gólf og ný gólfefni lögð, veggir málaðir, ofnar fjarlægðir og ný loftljós sett upp.

Við erum mjög ánægð með þær endurbætur á húsnæðinu sem gerðar voru enda Ægisborgin komin til ára sinna. Þessi framkvæmd hafði í för með sér mikið rask og rót á starfsemi leikskólans. Á meðan við rákum fulla starfsemi þurftum við að flytja fram og til baka eftir því hvaða hluti húsnæðisins var undir í framkvæmdum. Um tíma var hluti af starfseminni í félagsheimili KR. Við kunnum KR-ingum miklar þakkir fyrir hjálpssemi og velvild í okkar garð á meðan við fengum að vera þar.

Framkvæmdir stóðu yfir tímabilið september 2021 til janúar 2022. Þegar farið er í gegn um svona verkefni þá er það mannauðurinn sem er mikilvægastur og yfir hvaða eiginleikum hann býr. Stjórnendur geta seint þakkað þeim sterka og lausnamiðaða hópi sem tókst á við verkefnið með okkur og lagði fram mikla vinnu í fordæmalausum aðstæðum. Við unnum á sama tíma undir takmörkunum vegna Covid – 19. Því miður varð ekki hægt að halda upp á 40 ára afmæli Ægisborgar í janúar sem vert væri vegna téðra takmarkana. Börn og starfsfólk gerðu sér þó glaðan dag.



Ægisborg með afmælistórónu á 40 ára afmælinu þann 6. janúar

Til stóð að bæta starfsmannaðstöðu Ægisborgar sem því að gera 50 m² aðstöðu í Kotinu en það hefur ekki komið til framkvæmda. En vonandi kemur til þess að við fáum aðstöðuna á komandi starfsári enda brýnt verkefni að laga.

Starfið í Ægisborg byggir á góðum grunni og við vinnum með áherslu á leikinn og þætti menntastefnu Reykjavíkur sem eru læsi, sjálfsefning, félagsfærni, sköpun og heilbrigði. Á þessu starfsári höfðum við alla þessa þætti að leiðarljósi en sérstök áhersla var á sköpunarþáttinn. Starfsfólk Ægisborgar lét ekki deigan síga við erfiðar aðstæður og innra starfið á deildunum var gróskumikið og metnaðarfullt.



Öskudagur hjá leikskólastjóra

Við vorum þeirrar gæfu aðnjótandi að vera í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur. Frábært samstarf þar sem börn og kennarar læra saman. Ægisborg var þátttakandi í Barnamenningarhátíð í gegn um LÁN – listrænt ákall til náttúrunnar. Verk barnanna voru til sýnis í Listasafni Reykjavíkur.

Framundan eru spennandi tímar því Ægisborg og samstarfsleikskólarnir Gullborg og Grandaborg, í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, hlutu styrk úr þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs – Látum draumana rætast. Verkefnið heitir *Leikur, nám og gleði*. Í verkefninu verður lögð áhersla á að styrkja starfsfólk leikskólanna með fræðslu og umræðum um hvernig hægt er að leggja frekari áherslu á leik sem megin námsleið barna, virða skoðanir þeirra og áhrifamátt við skipulagningu leikskólastarfs og mæta þörfum yngstu barnanna. Verkefnastjóri er Anna Magnea Hreinsdóttir.

Kæru foreldrar, börn og starfsfólk í Ægisborg, bestu þakkir fyrir gott og farsælt samstarf á liðnu ári. Leikskólasamfélagið í Ægisborg hlakkar til að takast á við spennandi verkefni á komandi starfsári.



Loðtöflusaga

2 Ytra og innra mat Ægisborgar

2.1 Ytra mat – Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var gerð í febrúar - mars 2022. Könnunin í ár var styttn töluvert. Áður voru þættirnir 18 en eru nú 5, sem eru samanburðarhæfir við fyrri ár. Þá var bætt við nýjum spurningum er sneru að vinnutímastyttingunni og líðan starfsfólks. Vegna þess að margar spurningar voru felldar niður frá síðustu könnun, þ.e.a.s. í þessari könnun eru ekki sömu spurningar og ekki heldur jafn margar á bak við suma þættina og áður. Eingöngu þættirnir *fræðsla og þjálfun, starfsánægja*,

sveigjanleiki í starfi, upplýsingaflæði og vinnuaðstaða eru alveg eins og í síðustu könnun og því samanburðarhæfir.

Nýir þættir sem bættust við voru: *Betri vinnutími/stytting, Covid19, vellíðan og hugarfar grósku og líðan-álag.*

Ef rýnt er í þá þætti sem eru samanburðarhæfir við fyrra ár má sjá að niðurstöður eru svipaðar:

Þáttur	Niðurstaða 2021	Niðurstaða 2022
Fræðsla og þjálfun	3,88	3,95
Starfsánægja	4,60	4,58
Sveigjanleiki í starfi	4,08	4,25
Upplýsingaflæði	4,40	4,56
Vinnuaðstaða	3,60	3,33

Fjórir þættir af fimm; *fræðsla og þjálfun, starfsánægja, sveigjanleiki í starfi og upplýsingaflæði* mældust sterkir í fyrra og eru á pari eða sýna örlitla hækkum milli ára. Það er ánægjulegt að þessir þættir koma vel út og það verður markmið að viðhalda þessari góðu niðurstöðu.

Enn og aftur skorar vinnuaðstaða starfsfólks lágt og nú enn lægra en í fyrra. Vinnuaðstaðan mælist á gulu ljósi (á bilinu 3-4) í starfsmannakönnun á meðan aðrir samanburðarþættir eru grænir (á bilinu 4-5). Fyrirhugað var að breyta starfsmannaaðstöðunni í Ægisborg sl. haust en við bíðum enn eftir þeirri framkvæmd. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þessi þáttur mælist að breytingum loknum.

Ef rýnt er í aðra þætti sem voru mældir (og ekki til samanburðar við fyrri ár) má segja að heildarniðurstaðan sé góð (á bilinu 4-5) á eftirfarandi þáttum: *Stjórnun, starfsandi, tilgangur, viðurkenning, vellíðan og hugarfar grósku.* Ákaflega ánægjulegt er að sjá *starfsanda, starfsánægju, vellíðan hugarfar og grósku* skora hátt en þeir eru grunnþættir samstarfs og forsenda þess að starfsfólk vaxi og líði vel í vinnunni.

Þættir sem mælast á gulu ljósi (á bilinu 3-4) eru *betri vinnutími og líðan – álag.* Við innleiðingu á betri vinnutíma (styttingu vinnuvikunnar) var skilyrði frá Reykjavíkurborg að engin kostnaðarauki fylgdi þeirri framkvæmd. Því má segja að verkefninu fylgi aukið álag þegar einn starfsmaður af hverri deild fer heim um hádegisdag. Þá eru færri hendur seinni hluta dags. En á sama tíma þá er starfsfólk ánæggt með styttri vinnutíma yfir vikuna.



Samvinna

Þættir sem mælast á rauðu ljósi (á bilinu 2-3) eru spurningar sem tengjast Covid-19: *hæfilegt vinnuálag*. Niðurstöður staðfesta það sem vitað var að heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á daglegt starfs leikskólans. Nú er þessu tímabili lokið í bili að minnsta kosti.

Eitt það ánægjulegasta sem kom fram í niðurstöðum starfsmannakönnunar 2022 er að enginn upplifir einelti, en því miður þá upplifir einn starfsmaður áreitni frá samstarfsfólki vegna heilsufars. Við höldum áfram þeirri fræðslu.

2.2 Ytra mat -foreldrakönnun

Reykjavíkurborg sendi enga könnun til foreldra þetta ár.



Salurinn á endurreisnartímanum í vetur

2.3 Umbætur vegna ytra mats starfsárið 2021 - 2022

Starfsmannakönnun:

Í starfsáætlun síðasta vetrar voru þrír umbótaþættir settir fram út frá niðurstöðu í starfsmannkönnun.

- Útrýma áreitni og einelti af vinnustaðunum
- Endurbætur á starfsmannaaðstöðu í Ægisborg
- Fá fræðslu á starfsdaga, starfsfólk sækir námskeið og taki þátt í lærdómssamfélagi með öðrum.

Í starfsmannakönnun 2021 kom fram að fjórir starfsmenn upplifðu áreiti samstarfsfólks og einn svarenda varð fyrir einelti. Til að bregðast við þessu kom mannauðsráðgjafi frá Skóla- og frístundasviði á starfsmannafund í júní 2022. Á þessum fundi var farið yfir niðurstöðu um áreitni og einelti í starfsmannakönnuninni og í framhaldi af því var fræðsla um áreitni og einelti á vinnustað. Einnig var vísað á leiðir til úrvinnslu slíkra mála fyrir starfsmannahópinn og stjórnendur. Við teljum okkur hafa náð árangri með þessum aðgerðum en í starfsmannakönnun 2022 mælist ekkert einelti, en þó upplifir einn starfsmaður fordóma vegna heilsufars.

Stjórnendur Ægisborgar sendu greinargerð til yfirmanna SFS árið 2020 þess efnis að úrbætur á starfsmannaaðstöðu væru nauðsynlegar og þar var m.a. horft til niðurstöðu starfsmannakönnana síðustu ára. Þessi beiðni var samþykkt og átti að koma til framkvæmda 2021. Miklar tafir hafa orðið á hönnun og framkvæmd þessarar aðstöðu. Þegar þetta er ritað þá eru teikningar tilbúnar en fram undan er að skoða betur ástand hússins til að meta hvort hægt sé að setja hita í gólf og fleira. Húsið er vissulega komið til ára sinna, en það kom fyrir rúmum tveimur áratugum sem bráðabirgðahúsnæði. Við bíðum átektu en það er deginum ljósara að mjög brýnt er að bæta úr starfsmannaaðstöðunni sem fyrst. Aðstaðan samræmist ekki þeim kröfum sem gerðar eru um vinnuaðstöðu starfsfólks í leikskólum.



Meiri fræðsla fór fram þetta árið en árið áður, sem var markmiðið. Þrír starfsmenn tóku þátt í lærdómssamfélagi með öðrum leikskólum. Fengin var fræðsla fyrir allan hópinn á starfsdögum sem tengdist m.a. sköpun, fjölmenningu og skyndihjálpi. Samstarf Ægisborgar við Myndlistaskóla Reykjavíkur var í raun námskeið fyrir starfsfólk. Í starfmannakönnun 2022 kemur fram að fleiri hafa haft tækifæri til að sækja námskeið og fræðslu nú en árið áður (> 0.30).



Sumarferð

Foreldrakönnun:

Í starfsáætlun síðasta vetrar voru þrír umbótaþættir settir fram út frá foreldrakönnun:

- Veita foreldrum betri upplýsingar um starfið með vikulegum tölvupóstum
- Völuappið verði virkjað að fullu
- Foreldrar upplifi að unnið sé með sköpun daglega

Þar sem foreldrakönnun var ekki á dagskrá í vetur, þá verðum við að bíða næstu könnunar til að sjá hvort að áður taldir þættir skori hærra.

Það sem var gert:

- ✓ Deildarstjórar hafa lagt sig fram um að senda oftari pósta til foreldra með upplýsingum um starfið á deildinni hverju sinni og praktísk mál.
- ✓ Kotið er sú deild sem hefur nýtt sér möguleika Völuappsins hvað mest með því m.a. að skrá svefn og matartíma barnanna daglega. Samkvæmt samtölum við foreldra á Koti þá eru þeir ánægðir með að fá þessar upplýsingar með appinu og nýta sér það. Við höldum áfram með innleiðingu þeirra möguleika sem Völuappið hefur upp á að bjóða.
- ✓ Aðgangur barna að skapandi efniviði hefur verið færður til betra horfs. Starfsfólk hefur fengið fræðslu á skipulagsdegi og Öldudeild var í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur. Ægisborg tók þátt í verkefnisem nefnist Litrænt ákall til náttúrunnar (LÁN) og einnig í Barnamenningarhátíð í samstarfi við LÁN. Allt þetta kemur til mats í næstu foreldrakönnun.

2.3.1 Umbótaáætlun leikskólans vegna ytra mats fyrir starfsárið 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta Að hverju er stefnt?	Aðgerðir til umbóta Hvernig framkvæmum við það?	Ábyrgð Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur Viðmið er gæða-lýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Líðan starfsmanna	Að ekki mælist áreitni í starfsmanna- könnun	Fræðsla/umræður á starfsmanna- fundi	Skóla- og frístundasvið Stjórnendur	September 2022	Janúar 2023	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Starfsmannakönnun 2023	Að ekki mælist áreitni í starfsmannakönnun
Aðbúnaður starfsmanna	Endurbætur á aðstöðu starfsmanna	-ný kaffistofa -ný undirb., aðstaða	Stjórnendur	Júní 2022	Janúar 2023	Starfsmannakönnun 2023	Starfsaðst. fari upp um 0,8 stig í könnun
Upplifun foreldra á skapandi starfi	Foreldrar upplifi að unnið sé með sköpun daglega.	-bætt aðgengi að skapandi efnivið fyrir börnin. -verk barnanna sýnileg foreldrum	Stjórnendur/ Deildarstjórar	Sept. 2022	Maí 2023	Foreldrakönnun 2023	Foreldrar upplifi að það sé unnið með sköpun daglega og að skorið fari upp um 0.8

2.4 Innra mat Ægisborgar

Við mat á umbótaáætlunum síðasta starfsárs þá þarf að taka mið af þeim aðstæðum og óvæntu verkefnum sem leikskólasamfélagið í Ægisborg fékk í fangið. Starfsemin raskaðist í um sex mánuði vegna framkvæmda og Covid- 19. Við endurmat á umbótaáætlun 2021-22 þarf að taka mið af þessu. Stjórnendur meta það þó svo að fjölmörg markmiðanna hafi náðst og innra starf leikskólans hafi þrátt fyrir allt staðið í miklum blóma, þökk sé metnaðarfullum starfsmannahópi.

Í mars fylltu starfsmenn út nafnlaus blöð þar sem hver starfsmaður skráði tvennt gott í Ægisborg og eina ósk um úrbætur. Mikill samhljómur kom fram í niðurstöðunum en þar voru flestir sem nefndu starfsandann, samstarfið, vináttu og gleði sem styrkleika. Það sem má bæta er starfsmannaaðstaða, meiri fjölbreytni í mat og enn meiri sköpun. Mikill samhljómur er með þessum niðurstöðum og niðurstöðum í starfsmannakönnun 2022. Þegar horft er til framkvæmdatímabilsins liðinn vetur þá er það upplifun hópsins að samstarf innanhúss hafi aukist til muna og hjálpsemi á milli deilda einnig. Oft er það svo að þegar genginn er illfær og hlykkjóttur vegarkafli, þá lærist eitthvað nýtsamlegt líka þrátt

fyrir alla erfiðleikana á leiðinni. Það sem starfsmannahópurinn nefndi helst sem mögulegar úrbætur var:

- Að bæta verklag og skipulag í matsal
- Að gera umhverfið í matsal fallegra/hlýlegra
- Fá inn meira af opnum efnivið til leiks og sköpunar og fækka kynbundnu leikefni.
- Efla sköpun í daglegu starfi

Matsalurinn var ekki inni í myndinni í nokkra mánuði á starfsárinu, en í framkvæmdunum var fjarlægður veggur milli salarins og leikfangageymslu. Þannig stækkaði salurinn um það sem leikfangageymslunni nam og aðeins rýmra er um börnin í matnum. Verklagið er stöðugt til umræðu og matsalsteymið hefur lagt til bætt verklag nú á vordögum og farið var í að kaupa þægilegri borðbúnað og áhöld fyrir börnin. Umræður um hlutverk kennarans hefur verið rætt og gert skýrar. Halda þarf áfram með umræðuna og á dagskránni er að teymi um matsal útbúi skriflegt verklag um hlutverk kennara. Verklagið verður svo hluti af starfsmannahandbók Ægisborgar.

Að gera umhverfið í matsal fallegra og hlýlegra er enn í vinnslu.

Í margnefndum framkvæmdum var tækifærið nýtt og farið vel og vandlega yfir leikefnið og umhverfi deilda endurhugsað. Sú vinna er enn í gangi og verður spennandi umræða í tengslum við þróunarverkefni B- hluta styrks Skóla- og frístundaráðs á komandi starfsári. Við höldum áfram að skoða námsumhverfi barna út frá þátttöku barna í leik og starfi.



Leikur með fallhlíf í KR

Vel hefur tekist að efla sköpun í daglegu starfi, þó alltaf sé hægt að gera betur. Á skipulagsdegi í ágúst kom Kristín Hildur Ólafsdóttir leikskólaráðgjafi og hélt fyrirlestur um sköpun fyrir allan hópinn. Deildarstjórar fóru í heimsókn í leikskólann Rauðhól þar sem þeir sáu hvernig unnið er með sköpun í flæði. Elsta deild Ægisborgar, Öldudeildin, var í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur og var það verkefni mjög gefandi, þar sem bæði börn

og starfsfólk fengu að upplifa sköpun í fjölbreyttri mynd. Markmið er að efla enn frekar sköpun í daglegu starfi og verður það gert í tengslum við fyrrnefnt þróunarverkefni B- hluta þegar rýnt verður í námsumhverfi barna.

2.4.1 Umbótaáætlun Ægisborgar vegna innra mats

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta Að hverju er stefnt?	Aðgerðir til umbóta Hvernig framkvæmu m við það?	Ábyrgð Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið?	Viðmið um árangur Viðmið er gæða- lýsing og /eða mælikvarði.
Aðbúnaður starfsmanna	Endurbætur á aðstöðu starfsmanna	Ný kaffistofa Ný undirb. aðstaða	Skóla og frístundasvið -Stjórnendur	Júní 2022	Janúar 2023	Starfsm.- könnun 2023	Vinnuaðstaða fari upp um 0,8 stig í könnun
Umhverfið í Ægisborg	Að gera umhverfið í matsal/salerni og kaffistofu fallegra/hlýlegra	Mynda teymi um að fegra innan húss.	Stjórnendur/ Teymi um að fegra umhverfi innandyra.	Júní 2022	Maí 2023	Ljósmyndir	Að umhverfið í Ægisborg verði hlýlegra/fallegra fyrir börn og starfsfólk.
Hlutverk kennara í leik barna	Hlutverk kennara í leik barna og hvernig stutt er við hugmyndir þeirra, námsumhverfi og leik.	Fræðsla í tengslum við þróunarv. B- hluta. -Samtal meðal starfsfólks	Stjórnendur/ deildarstjórar	Sept 2022	Maí 2023	Gerð myndbands. Samtal starfsfólks.	Betri skilningur starfsfólks á hlutverki þeirra í leik barna. Skráð verklag í starfsmannahandb.
Þátttaka barna	Auka þátttöku barna í daglegu starfi	Fræðsla og umræða um þátttöku barna í daglegu starfi	Stjórnendur/ deildarstjórar	Sept 2022	Maí 2023	-safna sögum úr daglegu starfi -rýnihópur barna	Aukin þátttaka barna í daglegu starfi Skráð verklag.
Skapandi starf	Efla skapandi starf í daglegu starfi	Skoða umhverfið m.t.t. aðgengi að efnivið til sköpunar	Stjórnendur	Sept 2022	Maí 2023	-samræður -ljósmyndir	Aðgengi barna að efni til sköpunar verði til staðar á deildum og aðgengilegt.
Verklag starfsfólks	Bæta verklag og skipulag í matsal	Teymi um matsal vinnur að bættu verklagi	Teymi um matsal	Sept 2022	Okt 2023	Umræður og skriflegt plagg	Skriflegt verklag verði til í starfsm.handbók Ægisborgar.
Deildarfundir	Deildarfundir verði reglulega með áherslu á fræðslu og umræður út frá þróunarverkefni B- hluta.	Deildarstj. miðla fræðslu og umræðu til samstarfsf.	Deildarstjórar og stjórnendur	Sept. 2022	Júní 2023	-Fundargerðir -Stjórnendur gera skipulag um deildarfundir og fylgja eftir.	Samantekt á fundargerðum. Fjöldi funda skráðir
Móttaka nýrra starfsmanna	Móttökuáætlun Ægisborgar	Stjórnendur/ deildarstj. virki móttöku- áætlun sem er til staðar.	Stjórnendur Deildarstjórar	Ágúst 2022	Maí 2023	Farið verði eftir móttöku- áætluninni þegar nýir starfsmenn byrja.	Að allir nýir starfsmenn fari í gegn um móttökufærlíð.
Foreldrasamstarf	Virkja Völuappið betur	Kynna sér hvernig má nýta appið í daglegu starfi	Stjórnendur deildarstjórar	Sept. 2022	Maí 2023	Fundir og samtal	Skráning á því sem tekið er til notkunar.

3 Innra mat deilda

3.1 Innra mat Kots

Greinargerð deildarstjóra.

Haustið 2021 varð sú breyting á að yngstu börnin voru öll í Kotinu. Fram að þessu höfðu þau verið bæði í Koti og á Fjörudeild. Þá var börnunum fækkað í Kotinu úr 18 börnum í 14 þar sem til stendur að taka annan helming húsnæðisins undir starfsmannaaðstöðu. Við bíðum enn þolinmóð eftir því. Af þessum 14 börnum voru 12 fædd 2019 og tvö 2020, sjö stúlkur og sjö drengir. Í maí tókum við svo inn eitt starfsmannabarn. Aðlögun var tvískipt, sú fyrri 25. ágúst og síðari 6. sept. og gekk hún vel að vanda.



Málað í Koti

Dagskipulagið okkar hefur ekki breyst mikið undanfarin ár (því að breyta því sem virkar vel?). Megináhersla er áfram á sjálfsefningu og félagsfærni og í því hefur leikurinn stórt vægi og fær hann að njóta sín. Í leiknum æfa börnin sig í félagslegum samskiptum, hvað er rétt og hvað rangt, að deila með öðrum og skiptast á. Vinátta og virðing er góður kostur og það reynum við að hafa að leiðarljósi. Það má segja og sjá að leikurinn hefur þróast skammtilega í vetur og börnin eru orðin flink í samskiptum þó stundum slettist upp á venskapinn. Við komu á

morgnana hafa börnin frjálstan aðgang að leikefni fyrir og eftir morgunmat. Það var fjárfest í nýjum hillueiningum þannig að flest leikefni er í þeirra hæð og þau bjarga sér sjálf eða biðja um aðstoð. Svo segja má að það sé komin nokkurskonar vísir að flæði hjá okkur. Í vetur hafa bílar, dýr, og kubbar verið vinsælasta leikefnið. Á deildinni eru nokkrir „verkfræðingar“ sem hafa verið að byggja margskonar byggingar úr t.d. segulkubbum, plúskubbum og lego fyrir m.a. risaðlur og ponyhesta og var gaman að fylgjast með þróuninni. Einnig eru perlur, púsl og leir vinsælt leikefni og ekki má gleyma heimilis- og snyrtileik. Við höfum svo verið að æfa okkur í að spila lottó í litlum hópum sem þeim finnst mjög gaman. Það eina sem breyttist í dagskipulaginu var að við vorum ekki með hópaskiptingu í vinnustundum, heldur vorum við oft með stundir þar sem þau voru að kynna ýmsum efnivið s.s. mála, vatnslita, fingramála og þrykkja.

Við leggjum mikla áherslu á hreyfingu úti, bæði í garðinum og í göngutúrum. Útivera er alla daga fyrir hádegis og ef veður leyfir förum við oft út eftir síðdegishressingu.



Útikrakkar

Samverustundir eru tvær, önnur fyrir hádegi þegar börnin koma inn eftir útiveru, þá fá þau ávexti, það er sungið, lesin bréf sem börnin koma að heiman og rabbað um heima og geima. Hin er eftir síðdegishressinguna og er þá lesið í litlum hópum.



Buxur, vesti brók og skór ...

- ✓ Gaman að lesa bók
- ✓ Í leikskóla er gaman
- ✓ Að klifra og róla
- ✓ Að leika með Björt

Hvöldin er tvískipt og sofa yngri börnin eins og hver og einn má og þarf og fara svo í eldri hvöld þegar þau eru hætt að sofa. Eldri börnin sofa/hvíla sig í Kríu og hlusta á tónlist og sögur.

Í haust flytjast flest Kotbörnin á Fjörudeild til að takast á við nýjar áskoranir. Því voru þau spurð, hvað þau hafi nú lært og hvað hafi verið skemmtilegt að fást við í Kotinu?

- ✓ Að mála með puttunum og höndunum

Mat á umbótaáætlun

Í umbótaáætlun fyrir veturinn var ætlunin að senda vikupósta heim í Völunni. Þeir voru kannski ekki vikulegir en við erum á góðri leið. Þá erum við að nota Völuappið til að skrá hvernig börnin borða og sofa en það kom ósk frá foreldri um það.

Einnig var ætlunin að búa til gott lærdómssamfélag með því að gera allan efnivið aðgengilegri fyrir börnin og hefur það gengið vel m.a. með tilkomu nýrra skúffueininga. Annað bíður þar til húsnæðið verður tekið í gegn.



Sjálfsmyndagerð

3.1.1 Umbótaáætlun Kots

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
Völuapp	Að taka Völuapp í fulla notkun.	Að kynna sér appið að fullu. Skráum svefn og mat. Setjum inn matseðla, fréttir o.fl.	Leikskóla- kennarar	Haut 2022	Vor 2023	Rýnt í á deildarfundum	Að foreldrar fái þær upplýsingar sem appið býður upp á.
Deildarfundir	Vettvangur til að ræða um börnin, starfið, skipulag og koma upp- lýsingum til allra.	Koma upp skipulagi með Fjörudeild. Að minnsta kosti 2 fundir á mán. f. deild	Deildarstjóri	Haut 2022	Vor 2023	Skýrslur frá fundum	Talinn fjöldi funda. Þurfa að vera að lágmarki 8-10
Fjölmening	Að gera menningu b. sýnil. í samst. við foreldra	Setja upp á tungumáli b. t.d. góðan dag, þjóðfána, bækur, lög	Leikskóla- kennarar	Haut 2022	Vor 2023	Rýnt á deildarfundum	Myndir af aðgerðum
Fjölmening	Fylgjast með málproska b. af erlendum uppruna	Hæfniramar notaðir	Leikskóla- kennarar	Haut 2022	Vor 2023	Rýnt í undirbúnings- tímum. Skráningar	Framfarir barna

3.2 Innra mat Fjörudeild

Greinargerð deildarstjóra.

Á Fjörudeild voru 19 börn í vetur, 10 drengir og 9 stúlkur. Aldurshóparnir voru tveir: 11 börn fædd 2018 og 8 börn fædd 2019. 5 börn hófu sinn annan vetur á Fjörudeild, 9 börn komu frá Koti og 5 börn komu ný í aðlögun í haust. Þetta var fyrsta árið sem börn af Koti færa sig yfir á Fjörudeild og gekk aðlögun ljómandi vel. Núna byrja yngstu börn leikskólans í Koti, færast svo yfir á Fjörudeild, þaðan á Bárudeild og loks Öldudeild.

Deildarstjóri hóf sinn fyrsta heila vetur á deildinni. Tveir starfsmenn deildarinnar fóru í fæðingarorlof á vormánuðum og fengum við því tvo nýja starfsmenn inn í apríl og maí. Í byrjun maí kom eitt barn úr Koti yfir á Fjörudeild.



Blöðruleikur á Fjörudeild

Megináhersla Ægisborgar fyrir árið 2021-2022 var sjálfsefning líkt og árið áður, að viðbætti félagsfærni. Fléttaðist það inn í allt starf Fjörudeildar. Líkt og fram kom í innleggi leikskólastjóra þá var farið í heljarinnar framkvæmdir á leikskólanum í haust sem reyndist mikil áskorun fyrir leikskólastarfið. Byrjað var á framkvæmdum á Báru- og Öldudeild, en við það fengu 12 börn af Bárudeild afnot af fataklefanum okkar á Fjörudeild, þar sem stór hluti Bárudeildar færði starf sitt um tíma í matsal. Fljótlega kom í ljós að það var ansi þröngt um þau þar og því tókum við þá ákvörðun að starfa sem ein stór deild vikunnar sem lagfæringarnar stóðu á Bárudeild. Í hópnum voru 31 barn og var því ansi líflegt hjá okkur þennan tíma. Þrátt fyrir að þröngt væri á þingi náðum við frábærum stundum öll saman, samveru- og söngstundir gengu vonum framar og skemmtilegt var að sjá flæðandi leik á milli barnahópa. Þetta var krefjandi og ævintýrlegur tími í bland. Hugmyndir um aukið samstarf á milli Fjöru- og Bárudeildar fæddist og sýndi okkur enn og aftur hversu frábæran hóp af börnum og starfsfólki við höfum.



Gólflist

Eftir að framkvæmdir á Báru- og Öldudeild klárðust tóku við framkvæmdir á Fjörudeild. Við fluttumst því yfir á Öldudeild um miðjan október og vorum þar í nokkrar vikur. Matartímar barnanna fóru fram bæði inni á deild og í matsal. Hvíldin fór fram í innri- og fremri stofu á deildinni. Samstarf á milli Fjöru- og Bárudeildar var náið og við vorum dugleg að hafa flæði á milli deilda. Það er ótrúlegt hve börnin voru dugleg að takast á við nýjar aðstæður með okkur. Þetta gat þó tekið á, sér í lagi börnin sem voru nýbyrjuð hjá okkur á Ægisborg. En alla jafna fannst þeim þetta spennandi.

Í nóvember fluttum við svo aftur heim á Fjörudeild sem tók á móti okkur með nýjum gólfefnum og hita í gólfinu. Háaloftið var tekið niður og létti verulega á öllu rýminu og jók birtuna inn. Við fengum glænýja klósettaðstöðu og vorum loks komin með tvö salerni með hurð, tvö skiptiborð sem hægt er að

hækka og lækka og huggulegt vasksvæði. Það munar mikið um endurbæturnar þar sem börnin er orðin eldri á deildinni og fleiri en áður nota klósett. Nú náðum við að leggja lokahönd á sjálfsefandi umhverfi sem var einn af umbótaþáttum fyrir liðinn vetur. Húsgögn sem komin voru fram yfir sinn tíma voru látin fjúka og ný sett inn með það í huga að þau styðji sem best við leikinn og að leikefni sé aðgengilegt börnunum.

Tíu elstu börnin á deildinni borða nú hádegismat og síðdegishressingu í matsal og fá tækifæri til að setjast til borðs með öðrum eldri börnum frá Báru- og Öldudeild. Öll börnin á deildinni borða morgunmat inni í matsal en þá fá þau börn sem borða enn hádegismat og síðdegishressingu inni á deild tækifæri til að kynnst matsalnum, þar sem þau munu byrja þar að fullu í haust. Í matsalnum hafa börnin fengið tækifæri á því að kynnst sínu magamáli, skammta sér sjálf, smyrja brauð, velja sér sæti og spjalla saman án þess að kennari sitji hjá þeim og stjórni samræðunum. Með þessu fyrirkomulagi efdust börnin og styrktust og nutu sín betur í matmálstímum. Það var dásamlegt að sjá vini og systkini af sitthvorri deildinni hittast og borða saman og systkini að hjálpast að.



Slökun í lok KR tíma

Samstarf KR og Ægisborgar hélt áfram í vetur og nýttum við hvert tækifæri til að fara í KR þrátt fyrir áskoranir í samfélaginu og innan leikskólans. Í byrjun vetrar fór öll deildin vikulega en vegna skipulagsbreytinga hjá KR var tímunum okkar fækkað og við sameinuðumst yngri börnum á Bárudeild. Var því sú ákvörðun tekin að einungis 2018 börnin okkar myndu fara á sama tíma og 2018 árgangur Bárudeildar. Þetta samstarf gekk ótrúlega vel og var alltaf kærkomin tilbreyting fyrir börnin að fá að ærslast

og leika sér í íþróttasalnum. Í vor var svo loksins hægt að halda KR sýningu fyrir foreldra þar sem börnin sýndu hvað þau höfðu gert og lært um veturinn. Þetta hefur ekki verið hægt í tvö ár og var því fullt hús áhorfenda.

Líkt og fram hefur komið jókst samstarf milli Fjöru- og Bárudeildar þennan vetur og við reyndum að vera í flæði með þeim einu sinni í viku, þá helst þegar Öldudeild var ekki í húsi. Vegna breytinga á aldursskiptingu deilda eru börnin á Fjörudeild eldri en hefur verið og eiga því meiri samleið í leik með börnunum á Bárudeild. Einnig hafði breytingin þau áhrif að barnahópurinn á deildinni varð nánari en áður og náði betur saman þegar börnin voru nær hvert öðru í aldri. Eins þarf ekki að huga að því að hafa efnivið sem hentar fyrir tvo mismunandi aldurshópa heldur er hægt að horfa á hvað hentar fyrir allan hópinn í heild.

Síðasta vetur voru dagleg samskipti við foreldra takmörkuð vegna aðstæðna í samfélaginu og til að bregðast við því tókum við upp á að senda vikulega upplýsingapósta til foreldra á föstudögum, þar sem farið var yfir það sem átti sér stað í vikunni. Þetta reyndist vel og ákváðum við að viðhalda þessu fyrirkomulagi. Deildarstjóri hefur því sent vikulegt yfirlit og alla jafna mynd í viðhengi af starfinu. Þetta tengdi heimili og leikskóla betur saman og með þessu fengu foreldrar gott tækifæri til að ræða starfið með börnunum heima.

Í umbótaáætlun Fjörudeildar fyrir skólaárið 2021-2022 var lagt upp með að bæta þrjá þætti; Sjálfsefandi umhverfi á deild, leikskráningar og deildarfundi og undirbúning starfsfólks. Var umbótaáætlun skrifuð áður en ljóst var hve umfangsmiklar framkvæmdir myndu eiga sér stað á Ægisborg og röskunin sem fylgdi. Útkoman var því ekki sú sem stefnt var að en þrátt fyrir allt gekk starfið vel í vetur.

Umbótapátturinn *sjálfsefandi umhverfi inni á deild* snerist að því að bæta aðgengi barna að efnivið og klára að skipuleggja deildina. Áætlað var að það myndi klárast í desember 2021 og yrði metið með skráningum. Þessi páttur heppnaðist vel, því skipulag deildarinnar í framkvæmdunum var endurhugað með tilliti til þessa og voru keypt ný húsgögn út frá þeirri sýn. Viðmið um árangur var að börnin gengu í efniviðinn eftir þörfum og myndu skiptast vel innan leiksvæða. Þetta hefur sannað sig vel og sést út frá skráningum á leik barnanna hvað þau eru sjálfstæð þegar kemur að því að sækja sér



Unnið með pappamassa

efnivið og velja sér leiksvæði. Allt sem þau þurfa er í þeirra hæð og ef eitthvað vantar eru þau dugleg að spyrja og hafa frumkvæði að því að fá lánað dót af öðrum deildum.

Umbótaþáttur um *leikskráningar* fól í sér að hvert barn myndi fá eina til tvær leikskráningar í ferilmöppuna sína yfir veturinn. Kennari myndi nýta undirbúningstíma til að sitja með börnunum í leik, taka hann upp á myndband og vinna upp úr því leikskráningu. Þetta hefur því miður ekki tekist sem skyldi vegna þess hvernig veturinn leið. Aðrar skráningar en leikskráningar hafa þó gengið mjög vel og finnst krökkunum alltaf jafn skemmtilegt að skoða sínar ferilmöppur og sjá hvað þau hafa bardúsað yfir veturinn. Nokkur börn hafa þó fengið leikskráningu í möppuna sína og stefnt er að því að reyna að klára þau börn sem fara upp um deild í haust.

Að lokum var stefnt að því að hafa hið minnsta mánaðarlega *deildarfundir* og að *starfsfólk myndi alltaf fá sinn undirbúning* sem það átti hverju sinni. Vegna aðstæðna í leikskólanum tókst þetta ekki til fullnustu en var þó betra en veturinn áður. Deildarfundum fjölgaði þrátt fyrir að nást ekki í hverjum mánuði. Vegna aðstæðna náðist ekki alltaf að taka undirbúning, en með góðri samvinnu við leikskólastjóra og aðrar deildir tókst það vonum framar með tilliti til alls.

Deildarstjóri Fjörudeildar, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir



Fjölmenn samverustund þegar Fjörudeild og Bárudeild unnu saman á framkvæmdatíma.

3.2.1 Umbótaáætlun Fjörudeildar 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Deildarfundir og undirbúningur starfsfólks	Að hafa reglulega deildarfundir minnst einu sinni í mánuði og að starfsfólk fái sinn vikulega undirbúning.	Deildarfundir skipulagðir í samræmi við aðrar deildir. Deildarstj. finnur tíma f. undirbúning kennara.	Deildarstjóri	Haust 2022	Vor 2023	Með yfirsýn deildarstjóra. Með skráningu í dagbók deildarinnar	Að ná að halda deildarfund 1-2 x í mánuði og að allir fái sinn undirbúning
Að listsköpun verði hluti af flæðandi dagskipulagi	Að listsköpun verði hluti af frjálsa leiknum, efniviður aðgengilegur og aðlaðandi.	Skapalón skipulagt með aðgengilegan efnivið í huga.	Deildarstjóri	Haust 2022	Vor 2023	Fylgjast með hvernig nýtt fyrirkomulag hentar börnunum með skráningum.	Að börn gangi í skapandi efnivið þegar þau langar, máli, klippi og liti þegar þau vilja.
Efla frekari þátttöku barna í starfi	Aukið lýðræði barna í starfinu. Að þau hafi meira að segja um skipulag starfsins.	Að nýta lýðræðislegar aðferðir til að gefa börnunum rödd varðandi skipulag deildarinnar.	Deildarstjóri	Haust 2022	Vor 2023	Þátttaka þeirra metin með reglulegum samræðum og fundum um hvernig gangi með börnunum. Einnig á deildarfundum.	Að börnin upplifi sig sem hæfa einstaklinga til að hafa áhrif á starfið á deildinni og segi sína skoðun.

3.3 Innra mat Bárudeild

Greinargerð deildarstjóra.

Um haustið voru 19 börn á Bárudeild; átta fædd 2017 og 11 fædd 2018, sex stúlkur og 13 drengir. Deildin endurnýjaðist svo að segja algjörlega frá fyrri vetri, fyrir utan einn dreng sem kom á deildina í janúar 2021. Eitt barn kom úr öðru hverfi borgarinnar, eitt barn kom aftur eftir búsetu ytra og hin öll af yngri deildum leikskólans. Aðlögun tók lengri tíma en oft áður því það vantaði fyrirmyndirnar á deildinni og barnahópurinn þetta haustið samsettur af mörgum orkumiklum og hvatvísu einstaklingum. Deildin var þurftarmikil og óvenju mörg börn með skilgreinda sérkennslutíma, sem þurftu aukið pláss og rými. Það voru því margir starfsmenn sem rúlluðu í gegnum deildina í hverri viku og hafði það mikil og óæskileg áhrif á barnahópinn, sem nýtti sér hverja glufu til að ögra og prófa sig áfram. Til að létta á deildinni var eitt barn fært á Öldudeild og börnin því 18 frá áramótum.



Bárubörn uppi á holukubbum



Samvera með jógaívaði

Snemma hausts var farið í viðamiklar framkvæmdir innanhúss (sbr. innlegg leikskólastjóra) og þurftum við að vera lausnamiðaðri og nægjusamari sem aldrei fyrr. 2017 árgangurinn af Bárudeild urðu hluti af flakkarahóp með Öldudeild og höfðust þau við ýmist í félagsheimili KR eða í Gufunesi, þangað sem farið var með rútu að morgni og heim seinni partinn. 2018 árgangurinn fékk inni hjá Fjörudeild á meðan á þessu stóð og þökkum við Fjörinni enn og aftur fyrir gestrisnina. Sameinuð deild FjöruBáru taldi 31 barn. Þegar við fluttum aftur inn á Bárudeild máttum við svo þola endalaust ráp iðnaðarmanna um rýmið. Þegar matsalurinn var svo tekinn í gegn þurftum við að borða inni á deildum eins og hér áður fyrr og það undirstrikaði svo sannarlega hvað matsalurinn er frábær.

Deildarstjóri hafði undanfarin ár fundið fyrir því að vera eini kennarinn á deildinni, þó samstarfsfólkið hafi svo sannarlega staðið sína plikt. Það breyttist heldur betur til batnaðar þegar fyrrum deildarstjóri kom aftur til starfa í stöðu leikskólakennara sumarið 2021. Með endurkomu hennar varð flóran í samverustundum og listsköpun mun meiri en áður og ótrúlega falleg og skemmtileg verkefni sem náðst hefur að vinna með börnunum. Við bindum miklar vonir við að það blómlega starf haldi áfram að dafna.

Verkefnið *Sýna og segja frá* stóð fyrir sínu sem fyrr, en þá koma börnin með hlut að heiman og sýna félögum sínum í samverustund. Félagarnir fá svo að spyrja spurninga um hlutinn, handfjatla og skoða nánar. Verkefnið er skráð og sett inn í ferilmöppur barnanna. Bréf að heiman voru einnig vinsæl sem áður og mörg bréf lesin fyrir hópinn um hversdagsleg ævintýri barnanna á Bárudeild.

Ákveðið var að skipta hópnum í tvennt í KR ferðum í vetur svo 2017 árgangurinn fór með Öldudeild á fimmtudögum og 2018 árgangurinn fór með sínum jafnöldrum á Fjörudeild á föstudögum. Þetta gafst mjög vel og öll börnin nutu sín í KR, en einnig heima í húsi með meira pláss þegar hinir voru af bæ. Eins og árið áður slepptum við búningssklefum og börnin þurftu því bara að smokra sér úr yfirhöfnum, skóm og sokkum. Deildarstjóra fannst gefast mjög vel að skipta hópnum en það gaf 2017 börnunum tækifæri til að leika í flóknari leikjum með sér eldri börnum og þeim yngri með sínum jafnöldrum. Fjöldi barna í íþróttasalnum verður líka ekki eins yfirþyrmandi með þessum hætti og áreiðið mun minna.

Samstarf Bárudeildar og Öldudeildar hefur gengið vel sem áður og nú í vetur styrktum við tengslin við Fjörudeild. Framkvæmdirnar gerðu það að verkum að við urðum afar nán á tímabili og höfum náð að halda samstarfinu í gegnum veturinn. Þá bjóðum við fjörubörnum til okkar í leik og öfugt. Nú á sumarmánuðum hafa Kotkrakkar líka prófað að koma í flæði með okkur og var mikil almenn gleði með það.

Deildarstjórar Bárudeildar og Öldudeildar tóku þátt í Menntakviku í október fyrir hönd Ægisborgar. Þróunarverkefnið sem Ægisborg var hluti af heitir *Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag* og miðluðum við reynslu okkar af sjálfseflingu barnanna með fókus á lífið í matsalnum. Deildarstjórar tóku þátt í rafrænni málstofu og sátu fyrir svörum að loknum kynningum og höfðu bæði gagn og gaman af.



Lært á heiminn!

Í umbótaáætlun síðasta árs voru fjölbreyttari og markvissari samverustundir ásamt aukinni og sýnilegri listsköpun. Það hefur svo sannarlega gengið eftir, því með endurkomu fyrrum deildarstjóra blómstraði þessi hluti starfsins undir hennar handleiðslu. Einnig hafði nýr kennari á Öldudeild mikið að segja, en hann er afar lunkinn að finna upp á spennandi myndlistatengdum verkefnum. Nú vitum við að fáum mjög söngelskan barnahóp sem er vel þjálfður í samverustundum í haust og við hlökkum mikið til að bæta ofan á það með þeim.

Hvíldin var einnig nefnd í umbótaáætlun síðasta vetrar og markmiðið var að bjóða upp á tvenns konar hvíld, jóga og slökun annars vegar og „hefðbundna hvíld“ hins vegar, þar sem börnin liggja og hlusta á lesna sögu. Hér sannaðist svo sannarlega hvað við verðum að vera sveigjanleg og lausnamiðuð. Allt okkar starf raskaðist gífurlega í framkvæmdunum og við þurfum t.d. að henda öllum dýnum og öllu sem ekki var hægt að þrifa almennilega. Við stóðum því frammi fyrir því að endurnýja hvíldaraðstöðuna og þurftum að velta ýmsum kostum fyrir okkur. Við prófuðum bedda með áföstum svefnpokum og okkur fannst þeir frábærir í byrjun en komumst svo að því að þeir eru erfiðir í umgengni og mikil vinna fer þannig í að leggja hvíld og ganga frá henni aftur. Nú er hiti í gólfunum svo við keyptum þunnar, vatnsheldar samanbrjótanlegar dýnur og létum smíða nettan skáp undir þær. Hvíldinni er skipt í tvennt og hún er allskonar. Við hlustum á fallega tónlist, gerum jóga, tökum slökunaræfingar, notum lavender spreng til að róa taugakerfin okkar, lesum bæði stuttar bækur og framhaldssögur og á föstudögum er bíóhvíld. Við bjóðum Fjörudeild eða Öldudeild reglulega í bíóhvíld.

Ýmsir þættir urðu til þess að undirbúningstímar deildarstjóra voru af skornum skammti þennan veturinn, húsnæðisskortur, eðli barnahópsins, forföll og flókin samsetning á vöktum starfsfólks. Verkin á deildinni voru mörg, flókin, erfið og viðkvæm. Styttling vinnuvikunnar flækir svo málin töluvert í ofanálág. Leikskráningar eftir veturinn eru því ekki til, nema hjá örfáum börnum og þá ekki fullunnar. Deildarfundir voru líka alltof sjaldan, vegna þess hversu flókin mönnun á deildinni var og



hversu lítið rúm gafst til undirbúnings deildarstjóra. Vikupóstar til foreldra fóru vel af stað í haust en þeim fækkaði alltaf sem leið á veturinn vegna tímaleysis.

Þegar börnin á Bárudeild eru spurð hvað sé skemmtilegast í leikskólanum lýsir svar hvers barns alveg hverju það er að blómstra í:



Kasper, Jesper og Jónatan hafa róandi áhrif á börn!

- Að vera úti í körfubolta. Ég er góður í körfubolta.
- Leika í playmo.
- Lita og teikna og leika með playmo.
- Að leika úti, að róla og vera í kastalanum.
- Flæði og bíóhvíld.
- Leika og hlaupa.
- Bara allt.

Deildarstjóri er nú að ljúka sínum þriðja vetri í því starfi og allir hafa þessir vetur einkennst af einhverjum stórum utanaðkomandi breytum og lítið annað verið í stöðunni en að anda inn og anda út, telja upp að 10 og klára svo erfiða daga með hressilegu danspartyi inni á deild með litlu meisturunum mínum.

Diljá Agnarsdóttir, deildarstjóri Bárudeildar

3.3.1 Umbótaáætlun Bárudeildar

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Dýpka þekkingu starfsfólks á leik og flæði	Taka flæðis- hugsjónina enn lengra og sökkva okkur ofan í leikinn.	Fara í námferð til Svíþjóðar :)	Stjórnenda- teymi Ægisborgar	Haust 2023		Ígrundun að vori.	Starfsfólk verði meira með börnunum í leiknum
Hlutverk fyrir börnin	Börnin taki meiri þátt í praktískum atriðum.	Spjöld og merkingar á vegg.	Deildarstjóri	Haust 2022	Vor 2023	Var þetta gert?	Eru spjöld og merkingar til?
Ferilmöppur og skráningar	Að hvert barn eigi a.m.k. 1 leikskráningu eftir veturinn	Kennarar gefi sér tíma í skráningar.	Deildarstjóri	Haust 2022	Vor 2023	Telja skráningar í möppum barna.	Leikskráningar sýnilegar í möppum barnanna
Fastir, reglulegir deildarfundir	Deildarfundir í forgang	Festa niður dagsetningar á fundi. Aðrar deildir gæta barna	Deildarstjórar allra deilda	Haust 2022	Vor 2023	Voru haldnir deildarfundir reglulega?	Deildarfundir reglulegir í dagbók

3.4 Innra mat Öldudeild

Greinargerð deildarstjóra.

Í haust voru 22 börn á Öldudeild, 6 af þeim hófu sinn annan vetur á deildinni. Önnur börn færðust yfir af Bárudeild og eitt kom frá útlöndum. Þar sem samstarf við Bárudeild hefur verið mikið og gott síðasta vetur gekk aðlögun barna á milli deildanna vel.

Fljótlega eftir sumarfrí fengum við nýja viðbót í starfmannahópinn á Öldudeild, þegar myndlistamenntaður kennari hóf störf. Hefur hennar menntun og reynsla verið sérlega góð viðbót við starfið á deildinni.

Haustið fór ekki af stað alveg eins og við höfðum hugsað okkur, þar sem það þurfti að hefja



Setið að tafli

framkvæmdir í Ægisborg vegna raka strax í september. En með lausnamiðuðu og úrræðagóðu starfsfólki leikskólans, gátum við haldið starfinu að mestu óskertu meðan á framkvæmdunum stóð. Öldudeildin fór á einskonar flandur í rúmar 6 vikur. Félagsheimili KR hýsti deildina að mestu leyti og við fengum aðstöðu í Gufunesi þá daga sem félagsheimilið var upptekið. Í Gufunesi er ævintýrleg aðstaða fyrir börn. Ópið útisvæði sem býður upp á alls konar leiki, klifur, sull o.fl. sem börnum þykir skemmtilegt að gera. Við gerðum okkur glaða daga þegar við vorum í Gufunesi, pöntuðum pizzur eða grilluðum pylsur og lékum

okkur mikið úti. Við komum okkur líka vel fyrir í félagsheimili KR. Við höfðum stóran sal til umræða ásamt margrómuðu bikarherbergi, sem vakti mikla aðdáun barnanna. Við gerðum okkur salinn að góðu og skiptum honum eftir bestu getu upp í leiksvæði með mottum og skilrúmum. Börnin hengdu upp listaverkin sín og bréfin og fljótlega var búið að breyta salnum í leikskóladeild. Bikarherbergið var aðallega nýtt til þess að teikna og skapa, þar sem pappír, litir, skæri o.fl. nýtsamlegt var við höndina. Eins vorum við dugleg að nýta okkur ípróttasalinn þegar hann var laus, sem kom sér vel. Á umbótaáætlun síðasta árs var markmiðið að vinna með hópefli og samvinnu og þarna fengum við fjölmörg tækifæri til þess, sem við nýttum okkur til hins ítrasta.

Þegar dvöl okkar hjá KR var að ljúka, fannst okkur við hæfi að færa þeim þakklætisvott fyrir hýsinguna. Bikar var það eina sem kom til greina og hann átti að vera úr gulli. Það var lítið mál fyrir okkur að skapa slíkan grip og komu öll börnin að hönnun og gerð hans. Hann var svo færður starfsfólki KR og fékk heiðurs sess í móttökunni.



Leir er skapandi efniviður

Eins og eitt barnið sagði: „Það var að laga gólfið. Það var gaman út af því að við máum alltaf fara í KR og stundum fara í leiki.“

Í október tóku deildarstjórar Bárudeildar og Öldudeildar þátt í Menntakviku, fyrir hönd Ægisborgar, en Menntakvika er árleg ráðstefna Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Ægisborg var þátttakandi í þróunarverkefni um Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem ber heitið *Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag*. Verkefnið var gert í samstarfi við RannUng, Menntavísindasvið Háskóla Íslands ásamt fleiri leikskólum í Reykjavík. Markmið verkefnisins var að auka fagmennsku starfsfólks leikskólans í tengslum við áherslupátt menntastefnu Reykjavíkur og sátu fyrrnefndir deildarstjórar fyrir svörum um hvernig til tókst að vinna með sjálfsefningu barna í Ægisborg.



Bikargerð í félagsheimili KR

Í byrjun nóvember flutti Öldudeild aftur heim í Ægisborg, nýmálaða að innan, með nýjum gólfefnum og með hitalögnum í gólfi. Það var svo sannarlega gott að koma aftur heim. Allt hafði verið tekið í gegn, við losað okkur við gömul og lúin húsgögn og leikföng og völdum inn opin leikföng og efnivið. Skipulagið á deildinni miðar að því að reyna sem best að styðja við leikinn, hafa leikefnið aðgengilegt börnunum og deildinni sé skipt upp í svæði

svo auðveldara sé að gleyma sér í flæði leiksins. Fyrst um sinn borðuðum við inni á deild, því enn var verið að klára gólf á öðrum stöðum í húsinu. Matsalurinn var á meðan m.a. kaffistofa fyrir starfsfólk og birgðageymsla fyrir eldhús.

Börnin spáðu oft í framkvæmdirnar og það sem hlaut af þeim:

- Ég labbaði og fannst ekki heitt.
- Mér fannst svo skrítið að borða þarna inni (á deild).

Einn af þáttum umbótaáætlunar fyrir síðasta vetur var að auka skapandi starf á deildinni. Við vorum svo heppin að fá að fara með börn og kennara á námskeið hjá Myndlistaskóla Reykjavíkur í janúar. Námskeiðið var einu sinni í viku í fimm vikur. Viðfangsefnin voru fjölbreytt og skemmtileg og hæfðu aldrinum. Auk þess lærðu kennarar sniðug vinnubrögð með börnunum og fengu innblástur fyrir skapandi starf á deildinni. Aðspurð voru börnin upp til hópa mjög ánægð með samstarfið við Myndlistaskólann og stefnum við á að gera það að hefð hér í Ægisborg. Börnin létu ánægju sína í ljós:

„Muniði eftir að við bjuggum húsið, þá vorum við á myndlistanámskeiðinu.“

„Við máttum mála myndir. Við máluðum stórar myndir af ávöxtum. Þetta var svo skemmtilegt.“



Í Myndlistaskóla Reykjavíkur

Við höfum heldur betur tekið sköpunarþáttinn með trompi og svöruðum annað árið í röð *Listrænu ákalli til náttúrunnar*, sem er þróunarverkefni á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Í þetta sinn var einblínt á hið smáa og ósýnilega í náttúrunni og unnu börnin verk úr náttúrulegum efniviði.

Allskonar furðuverur urðu til og afraksturinn var sýndur í Grófarsafni á Barnamenningarhátíð í apríl. Hópurinn fór síðan í bæinn að skoða sýninguna sína og annarra skóla sem einnig tóku þátt. Skringilegur trúður var eitthvað að læðupokast í kringum okkur. Það kom svo í ljós að þetta var feiminn trúður með mikinn áhuga á listaverkunum og vildi endilega spjalla við börnin um þau.

„Mér fannst skemmtilegast að hitta Prúsí Pomm.“

Undanfarin ár hefur Ægisborg verið í samstarfi við leikskólana Gull- og Grandaborg. Það var með minna móti þetta árið en þó hittust við í eitt skipti í hverjum leikskóla. Við stefnum á að hittast oft og gera eitthvað skemmtilegt saman næsta vetur.

„Ég veit af hverju það er gaman, út af því að þá fáum við að eignast nýja vini.“

Á vormánuðum hóf elsti árgangur undirbúning fyrir útskriftina sína, en hefð hefur skapast fyrir að búa til stuttmynd, þar sem börnin semja handrit og leika öll hlutverkin í myndinni. Þetta árið var titill myndarinnar „Heimilisvandamál.“ Myndin var frumsýnd á útskriftardaginn í maí og hlaut mikið lof gagnrýnenda.

Í umbótaáætlun fyrir síðasta vetur voru markmið um að auka samstarf milli heimilis og skóla og efla upplýsingaflæði til foreldra. Samstarfið hefur verið ögn meira en síðustu ár en við viljum gera enn betur. Foreldrum var boðið í vöflukaffi og á KR sýningu og var almenn ánægja hjá öllum þátttakendum með það. Við höfum skráð hvað börnin eru að gera í skólanum, með orðum og myndum, og hengdum upp þar sem foreldrar gátu lesið. Við stefndum á að senda tölvupóst til foreldra á föstudögum, þar sem farið var yfir viðfangsefni vikunnar sem leið. Það gekk stundum og stundum ekki, eins og gengur, en við munum halda því áfram eftir bestu getu. Bréf, sem börnin hafa komið með að heiman hafa verið vinsæl sem aldrei fyrr, sem okkur þykir mjög vænt um. Bréfin eru í senn innsýn í líf barnanna utan leikskólans og mikil sjálfsefning, þar sem börnin sitja fyrir framan hópinn á meðan bréfið er lesið og svara jafnvel nokkrum spurningum frá forvitnum börnum.

Við ætluðum einnig að auka barnalýðræði með leynilegum kosningum. Hugmyndin var að setja upp kjörklefa, þar sem börnin gætu kosið um það sem þeim er hugleikið. T.d. öðruvísi daga eða hvað á að vera í matinn. Þetta gekk ekki upp í þeirri mynd sem við ætluðum, en börnin kusu um dótadag með handauppréttingu.

Matsalurinn okkar fékk yfirhalningu og stækkaði eftir framkvæmdirnar. Hann er enn í þróun og okkur langar að gera huggulegra þar inni, fá betri diska fyrir börnin og fleira smálegt sem gerir matmálstímann notalegrí. Eins þarf að minnka matarsóunina, fá börnin til að íhuga hversu mikið þau ætla að borða og fá sér jafnvel minni skammta í einu.

Liðinn vetur hefur verið viðburðarríkur á Öldudeild. Ekki síður vetur breytinga en sá á undan. En með þrautseigju og dugnaði Ægisborgara höfum við styrkst í leik og starfi. Við horfum bjartsýn fram á veginn og erum spennt fyrir næsta vetri.

„Bara leika með Úlfi. Bara eins og Úlfi.“ (Piltur af Bárudeild um það sem hann ætlar að gera þegar hann byrjar á Öldudeild í haust).

María Halldóra Jónsdóttir, deildarstjóri á Öldudeild

3.4.1 Umbótaáætlun Öldudeildar fyrir starfsárið 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsefning, börnin fá ábyrðar- hlutverk fyrir vikuna.	Að börnin taki aukinn þátt í starfinu.	Útbúa spjöld þar sem þau geta valið um hlutverk.	Starfsfólk á deildinni	Sept. 2022	Júní 2023	Börnin velja sér hlutverk, t.d. að undirbúa matsalinn. Sjónrænt skipul.	Börnin hafa öll fengið ábyrðar- hlutverk.
Dýpka þekkingu starfsfólks á leiknum.	Að starfsfólk hafi þekkingu á leik barna.	Námskeið	Leikskóla- stjóri	Haust 2022	Vor 2023	Starfsfólk fer á námskeið.	Starfsfólk geti stutt betur við leik barna.
Samstarf milli heimilis og skóla.	Meira samstarf en fyrri vetur.	Virkja foreldra til þátttöku í leikskólalífinu.	Deildarstjóri	Haust 2022	Vor 2023	Tvær eða fleiri kynningar eða heimsóknir.	Tvær kynningar eða heimsóknir hafi orðið.
Reglulegir deildarfundir.	Deildarfundir settir í forgang.	Halda deildarfundir tvisvar í mánuði.	Deildarstjóri	Haust 2022	Vor 2023	Deildir skiptast á að halda fundi og líta eftir börnum.	Að reglulegir deildarfundir hafi verið á dagskrá.
Auka barnalýðræði.	Að börnin hafi meiri áhrif á starfið.	Kosningar, kanna skoðanir barnanna.	Starfsfólk á deildinni	Haust 2022	Vor 2023	Útbúa kjörklefa og kjörseðla og skrá.	Að það sé til skráning um kosningar.
Minnska matarsóun.	Að minnska mat sé hent í ruslið.	Fræða börnin um matarsóun og hvaðan maturinn kemur.	Deildarstjóri	Haust 2022	Sumar 2023	Vígta mat sem er hent og markm. er að það verði minnska þegar á líður.	Að minnska af mat sé hent í ruslið.




Vinir í útiveru

3.5 Innra mat sérkennslu

Greinargerð sérkennslustjóra.

Haustið fór rólega af stað með hefðbundnum verkefnum. Covid-19 var hluti af daglegu lífi kennara og barna. Börnin fluttu á milli deilda og voru sérkennslubörnin öll á eldri deildum leikskólans. Í byrjun september voru fjögur börn með alls 20 sérkennslutíma í Ægisborg. Þegar voraði fjölgaði bæði börnum og sérkennslutímum en í júníbyrjun voru 6 börn með 30 sérkennslutíma. Strax að hausti var hafist handa við að skipuleggja hvernig best væri að vinna með börnin og koma til móts við þau á þeirra forsendum. Gerðar voru náms- og einstaklingsáætlanir og kennarar skiptu með sér verkefnum. Verkefnin voru margvísleg eins og áður, m.a. einstaklingsvinna, vinna í fámennum hópi og kennsla í leik með jafnöldrum, m.a. í flæði á milli deilda.

Sérkennarar hafa á undanförum árum unnið með börnum á einhverfurófi og getað nýtt sér þekkingu sína á atferlisíhlutun og TEACCH sem er skipulögð kennsla, með þeim börnum sem þess hafa þurft. Þá er stuðst við færnimatið ABLL'S. Einnig var færnimatið AEPS notað fyrir nokkur börn. TEACCH er að verða ríkjandi í okkar starfi. Þær eru ófár félagshæfnisögurnar sem sérkennslan hefur gert með mörgum börnum leikskólans auk sérkennslubarnanna -oft að beiðni foreldra.



Félagshæfnisaga

HLJÓM-2 er hljóðkerfisskimun sem er lögð fyrir elstu börnin í því skyni að greina þau sem gætu átt á hættu lestrarerfiðleika síðar meir. Matið er gert að hausti og er unnið með niðurstöðurnar allan veturinn í starfi deildarinnar. Niðurstöðurnar fylgja börnunum í þann grunnskóla sem barnið sækir. Við gerum EF12, málproskamat fyrir þau börn sem við teljum að þess þurfi þegar þau eru orðin rúmlega 3ja ára og TRAS, sem eru skráningar á málproska fyrir þau börn sem þess þurfa. Tveir sérkennarar sinntu sérkennslunni auk sérkennslustjórans. Auk þess fengum við til liðs við okkur í hlutastarf leikskólakennara sem er í fjarnámi við HI í sérkennslufræðum og er hópurinn því öflugur og með mikla reynslu.

Ipad og símar eru orðnir meðal okkar helstu kennslugagna. Sérkennslan hefur keypt nokkur öpp sem gagnast börnunum mjög vel. Við erum líka með myndrænt skipulag sem hangir upp á deildum. Sérkennarar hafa einnig verið með myndir af leiktækjum t.d. og hvernig best er að nýta útivistina fyrir börnin betur.

Eitt barnið fékk sérkennslustjóraherbergið að mestu fyrir sig og sína kennslu. Tveir kennarar skiptu kennslu barnsins á milli sín, auk þess sem fleiri kennarar komu að þeirri vinnu. Hefðbundin önnur verkefni eins og málörvun, félagsfærni og fínhyfingur fóru fram í flæði á milli deilda, sem leikskólinn hafði byrjað á veturinn áður. Áður hafði verið einstaklingskennsla eða kennsla í færri barna hópum. Við vorum rétt byrjuð að aðlagast því að vinna með börnin á þennan hátt og taka gögnin með okkur inn á deild, þegar við þurftum að flytja vegna lagfæringa á húsnæði skólans.

Flytja þurfti börnin af elstu deild og nokkur börn af næst elstu deild skólans tímabundið í annað húsnæði. Þetta var mikil áskorun fyrir sérkennsluna þar sem húsnæðið sem við fengum fyrir okkur var ekki hefðbundið skólahúsnæði. Sérkennarar þurftu að aðlagja kennslu og viðveru við allt aðrar aðstæður en þeir voru vanir að vinna við. Þetta tókst nokkuð vel, en það kom ekki á óvart hversu mikla aðlögunar hæfni börnin höfðu og var það ekki síst að þakka hversu öflugir og jákvæðir kennarar skólans voru almennt. Við fengum ekki sérkennsluherbergið um leið og deildin opnaði aftur en þess í stað nýttum við skrifstofu leikskólastjóra þar til framkvæmdum lauk.

Miklar breytingar áttu sér stað á aðstöðu sérkennslunnar við framkvæmdirnar. Hófst mikil vinna við að koma ýmsu sem sérkennslustjórinn hafði safnað og geymt í 16 ár í endurvinnslu. Í framhaldi var ákveðið að endurskipuleggja sérkennslugögnin upp á nýtt og kynntu kennarar sér hvernig best væri að koma þeim fyrir á aðgengilegan hátt. Mun þetta gera þau kennslugögn sem til eru aðgengilegri en áður var.

Þegar framkvæmdum lauk fékk sérkennslan viðbótar vinnuaðstöðu fyrir börn á annarri yngri deildinni. Þannig gátum við haft fámennari vinnustundir, með færri börnum. Við þökkum deildinni kærlega fyrir.

Að þessu sinni er aðeins eitt barn með sérkennslutíma á leið í grunnskóla. Sérkennslustjóri og deildarstjóri Öldudeildar fylgja börnum í þann grunnskóla sem börnin fara í hverju sinni. Farið er í fyrir fram ákveðnar heimsóknir bæði í skólann og frístundina. Við erum í samstarfi við Grandaskóla og Melaskóli bauð okkur til samstarfs sem við þáðum með þökkum enda jafnan mörg börn úr Ægisborg á leið þangað í fyrsta bekk.

Vegna Covid-19 og framkvæmda hér við Ægisborg voru teymisfundir ekki eins margir og áður. Flestir fundir voru rafrænir og á tímabili gátum við ekki tekið á móti gestum þar sem húsnæði var ekki fullgert. Eins og áður hafa Bjarnveig Magnúsdóttir

sérkennsluráðgjafi, Guðrún J. Rafnsdóttir hegðunarráðgjafi og María Huld Ingólfsdóttir sálfræðingur fylgt eftir nokkrum börnum í Ægisborg. Samvinna við þær er til fyrirmyndar og frábært fyrir kennara að geta leitað til þeirra. Íris Dögg Rúnarsdóttir talmeinafræðingur hefur veitt sérkennurum og foreldrum ráðgjöf eins og áður. Samvinna var líka við Heilsugæslu Seltjarnarnes. Við vorum í samstarfi við Lilju Árnadóttur atferlisfræðing við Ráðgjafa- og greiningarstöð ríkisins sem er í teymi barns sem við vinnum með. Ekki náðum við að ráða fram úr öllum þáttum umbótaáætlunar 2020-2021 og veturinn var öðruvísi en við áttum að venjast.

Sérkennslustjóri sótti hluta af Vorráðstefnu Ráðgjafa- og greiningarstöð, *Börn með fatlanir virkni og velferð*. Tveir sérkennarar fóru á námskeið hjá Ráðgjafa- og greiningarstöð sem heitir *Náttúruleg kennsla (incidental teaching)* sem er notuð til þess að kenna barninu færni í náttúrulegu umhverfi þess. Þjálfari fylgir þá áhuga og frumkvæði barnsins. Barnið er því leiðandi og kennslan felld inn í daglegt líf þess. Þetta er nýtt námskeið og góð viðbót við þá þekkingu sem fyrir er hér í skólanum.



Aðgengileg sérkennslugögn. -Það á eftir að dreifa betur ú vösunum.

Sérkennslustjóri sótti rafræna fundi hjá lærdómssamfélagi sérkennslustjóra, sem Fjóla Þorvaldsdóttir, verkefnastjóri sérkennslu hjá Reykjavíkurborg, og ráðgjafar hjá Miðju máls og læsis, héldu sl. vetur. Þetta voru allt mjög áhugaverðir og gagnlegir fyrirlestrar. Sérkennslustjóri sótti einnig fundi til ráðgjafa ÞVMH til að efla þekkingu sína og færni í starfi.

Alla Dóra Smith, sérkennslustjóri

3.5.1 Umbótaáætlun sérkennslu fyrir 2022-2023

Umbótaþáttur eða matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið aðferðir?	Viðmið um árangur
Símenntun	Atferlisíhlutun með áherslur á skráningar	Kynna sér nýjar aðferðir	Sérkennslustjóri	Haut 2022	Sumar 2023	Markviss skráning	Þekking nýtt í betri vinnu með börnum
Foreldarasamvinna	Að vera í vikulegu sambandi við foreldra	Senda foreldrum fundargerðir funda, myndir o.fl. úr starfi sérkennslunnar	Kennarar sérkennslunnar	Haut 2022	Sumar 2023	Meiri samskipti við foreldra	Foreldrar betur upplýstir
Ipad og sími	Ný færni á Ipad og snjallsímann. Kenna foreldrum og samstarfsfólki	Kynna okkur nýja færni sem nýtist betur.	Sérkennarar	Haut 2022	Sumar 2023	Meiri þekking til að miðla til foreldra og samstarfsfólks.	Þekkingin nýtist betur fyrir börnin, foreldra og samstarfsfólk



Turn verður til

3.6 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Bækur og spil endurnýjuð. Fengum ný öpp í lpada.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með <i>Gefðu 10</i> ?	Markvissar vinnustundir, bæði með einstaklingum og smærri hópum. Myndrænt dagskipulag. Orð eru markvisst sett á athafnir, t.d. í leikstundum, fataklefa og við flestar athafnir í leikskólanum. Daglegar lestrar og söngstundir. Unnið með <i>Gefðu -10</i> á öllum deildum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Með m.a. bóklestri, rímum, þulum, loðtöflusögum. Í fataklefa, við matarborðið og í leik. Ný orð eru útskýrð og við leikum okkur með málið. Erfiðari bækur eru lesnar og orðin útskýrð. Framhaldssögur fyrir eldri börnin.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hæfniramma gefin út af Menntamálastofnun. HLJÓM 2, Orðaskil, TRAS – skráningar, málþroskamatið EFI 2 – sem er málþroskaskimun fyrir börn á 4ða ári Einstaklingsáætlanir eru gerðar og fylgst með framförum t.d í appinu <i>Lærum og leikum með hljóðin</i> <i>Lubbi finnur málbein, Bitsbord</i> og ýmis öpp svo sem <i>Orðagull</i> . Spiluð margskonar málörvunarspil sem auka tjáningu og skilning og orðaforða.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Með orðaspjallsaðferðinni. Í öllu daglegu starfi leikskólans. Bæði inni og úti. Unnið með hljóðkerfisvitund barnanna. Með bóklestri, í skipulögðum leikstundum – þar sem kennari er þátttakandi, í samverustundum, vinnustundum, <i>Gefðu 10</i> . Í hópastarfi er unnið með ritmálið, sögugerð o.fl. Út frá einstaklingsnámskrá er unnið með áhugamál hvers og eins, styrkleika og löngun. Sendibréf að heiman auka málörvun, tengingu milli heimils og skóla.

3.6.1 Umbótaáætlun vegna fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAP. MATSP.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Móðurmál og heima-menning	Í samverustundum og flæði milli deilda. Þegar börnin eiga afmæli er skrifað á þeirra heimamáli á kórónur. Á þjóðhátíðardegi fæðingarlands barnsins verður fjallað um landið.	Upplýsa samstarfsfólk og kynna fyrir þeim hvaða leið er best til árangurs fyrir tvítyngd börn Menning barnanna gerð sýnileg. Börnin komi með bækur og tónlist frá sínu landi og kynni.	Sérkennslustjóri og tengiliður fjölmenningar í leikskólanum	Haust 2022	Vorið 2023	Fagfundir og deildarfundir. Starfs- og skipulagsdagar	Þegar fjölmenningin er sýnileg í leikskólanum og er hluti af daglegu starfi leikskólans



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Snerpuviðtöl fóru fram í mars og apríl. Leikskólastjóri hitti starfsmenn og rætt var um árangur í starfi, áhugasvið starfsmanna, starfsþjálfun og samvinnu innanhúss. Starfsfólk setti sér markmið í starfi. Auk þess var rætt um ýmislegt annað sem starfsfólki lá á hjarta.

Endurmenntun árið 2021-2022 gekk nokkuð vel þrátt fyrir takmarkanir og framkvæmdir á húsnaði sem fram fóru á árinu. Við nýttum skipulagsdaga vel til faglegrar vinnu og einnig fengum við inn fjölbreytta fyrirlestra sem tengdust umbótaáætlun leikskólans. Skipulagsdagar voru einnig vel nýttir fyrir starfsmannafundi og deildarfundi.



Öskudagur á Bárudeild

Á skipulagsdegi 23. ágúst var kynning á áherslum í starfsáætlun 2021-2022, hvort tveggja fyrir allan hópinn og á deildarfundum. Kristín Hildur Ólafsdóttir, leikskólaráðgjafi á skrifstofu SFS, var með innlegg um *sköpun í leikskóla*. Í framhaldi af fyrirlestrinum voru umræður.

Á skipulagsdegi 23. september voru framkvæmdir við húsnaði komnar á fullt. Vegna þessara aðstæðna þá vorum við með góðan starfsmannafund þar sem farið var vel og vandlega yfir það sem framundan var. Mikið álag skapaðist á þessum tíma og Sóli Hólm kom til að létta okkur lundina en við þessar aðstæður var mikilvægt að upplifa eitthvað skemmtilegt saman.

10. nóvember var sameiginlegur skipulagsdagur með leikskólunum Gullborg og Grandaborg. Ætlunin var að hittast en vegna takmarkana vegna Covid-19 þá var hver leikskóli á sínum stað en við vorum saman á fjarfundi þar sem Saga Stephensen verkefnastýra í

fjölmenningu leikskóla var með innlegg um móttöku fjöltyngdra barna, fjölbreytta kennsluhætti, fjölmenningu og fjölbreytt tungumál í leikskólastarfi, foreldrasamstarf og skráningu/mat á framförum í íslensku.

7. febrúar átti að vera ráðstefna fyrir leikskólastarfsmenn en sökum Covid þá var henni aflýst. Við plönuðum skyndihjálparnámskeið en það féll einnig niður vegna rauðrar veðurviðvörðunar. Við héldum deildarfundi eftir hádegði þennan dag.

Á skipulagsdegi 11. mars fengum við heimsókn frá Mixtúru – sköpunar og upplýsingatækniveri SFS. Starfsfólk kynntist nýjungum í tæknistunni. Í þessu fólst fræðsla og einnig fengu allir að prófa fjölbreytta tækni sem glæðir starfið í leikskólanum. Hver deild var með kynningu á einhverju verkefni innan deildarinnar fyrir aðrar deildir. Þetta var mjög skemmtilegt og fengum við kynningu á skráningu, sköpun, verkefninu *sýna og segja frá* og samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur.

Á skipulagsdegi 12. maí var meðal annars farið í endurmat starfsáætlunar og horft fram á næsta starfsár og áherslur ræddar. Langþráð og nauðsynlegt skyndihjálparnámskeið var loks haldið.

Tveir starfsmenn stunda nám á leikskólaliðabru hjá Mími.

Þrír starfsmenn tóku þátt í lærdómssamfélagi með öðrum leikskólum; lærdómssamfélagi leikskólastjóra, lærdómssamfélagi sérkennslustjóra og einn leikskólakennari tók þátt í lærdómssamfélagi um félagsfærni, tengt menntastefnu Reykjavíkur.

Tveir starfsmenn sem sinna sérkenndu sóttu fræðslu um einhverfu hjá Greiningarstöð ríkisins. Fjórir starfsmenn sóttu fræðslu um ADHD á vegum Skóla – og frístundasviðs og Háskóla Íslands.

Deildarstjórar Bárudeildar og Öldudeildar tóku þátt í Menntakviku í október fyrir hönd Ægisborgar. Þróunarverkefnið sem Ægisborg var hluti af heitir „Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag“ og miðluðu þær reynslu Ægisborgar af sjálfsefningu barnanna með fókusi á matsalinn. Deildarstjórar tóku þátt í rafrænni málstofu og sátu fyrir svörum að lokinni kynningu.

Leikskólastjóri tók þátt í námskeiðinu *Leiðtogi framtíðarinnar* á vegum Skóla- og frístundasviðs og Háskóla Íslands. Markmiðið var að efla stjórnendur við innleiðingu á Menntastefnu Reykjavíkur og einnig að auka samstarf og samtal á milli starfsstöðva í hverfum (leikskóli, grunnskóli og frístundastarf).

Varðandi áframhaldandi starfsþróun og símenntun fyrir starfsárið 2022 -23 fengum við styrk til að fara í þróunarverkefni B – hluta í samstarfi við leikskólana Gullborg, Grandaborg og Háskóla Íslands. Í tengslum við þróunarverkefni A- hluta verður farið í samstarf við KVAN um fyrirlestra fyrir starfsfólk leikskólanna þriggja.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áætlun um samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundar fyrir skólaárið 2021 – 2022, hélst ekki vegna ástands í þjóðfélaginu. Skipulag heimsóknar stóðst ekki, en með þessari áætlun vonumst við til að hægt sé að taka upp þráðinn og vera með svipaðar áherslur og lagt var upp með áður. Meginþættir samstarfsins á sér stoðir í þróunarverkefninu *Læsi í leiðinni* þar sem áhersla var á sameiginlegt verkefni sem tengist vinnu

með læsi beggja skólastiga. Verkefnið hafði einnig þann tilgang að auðvelda börnum að flytjast milli skólastiga og gera þann flutning sem eðlilegastan. Markmiðið var meðal annars að börnin upplifi eðlilega framvindu í námi sínu við að flytjast um skólastig og að þar sé fleira



Skólaheimsókn á bókasafn Grandaskóla.

líkt en ólíkt. Frá því að þróunarverkefninu lauk hefur *Ný menntastefna* litið dagsins ljós. Út frá þeirri stefnu hafa leikskólarnir þír, Grandaborg, Gullborg og Ægisborg lagt ríka áherslu á eflingu sjálfsmyndar barna og félagsfærni og þá þætti telja forsvarsmenn Grandaskóla mikilvæga til að takast á við verkefnin sem bíður barns í grunnskóla.

Ákveðinn farvegur hefur verið á gagnkvæmum heimsóknnum en helst hefur skort á nákvæmu skipulagi dagsetninga áður en skólaárið hefst.

Næsta skólaár verður samstarfið með eftirfarandi hætti:

- Í viku 38 í september koma 1. bekkingarnir í heimsókn í „gamla“ leikskólann sinn og eru þá fagnaðarfundir, en einnig gefst leikskólabörnunum færi á að spyrja um hvernig það sé að byrja í skóla.
- Ægisborgarbörnin fara í heimsókn á bókasafn Grandaskóla í viku 45 í nóvember.
- Grandaskóli býður á leiksýningu í viku 49 í desember.
- Í viku 7 í febrúar er haldið í skólastofur í Grandaskóla og „vísiterað“ á frístundaheimilinu Undralandi.
- Í viku 12 í mars er farið í tónmenntatíma og sungið og spilað.
- Í viku 21 í maí fara verðandi Grandaskólabörn í langa heimsókn í fylgd foreldra með nesti.

Eftir að þróunarverkefninu *Læsi í leiðinni* lauk kom reynsla á samvinnu milli leikskólanna með öðrum hætti en verið hefur undanfarin ár, meðal annars með því að elstu börn leikskólanna hittast í nánasta



Verk Ægisborgarbarna á Barnamenningarhátíð.

umhverfi og eiga skemmtilegar samverstundir. Heimsóknir milli leikskólanna tókust vel en hver leikskóli bauð hinum tveimur í heimsókn í garðinn.

Undir vorið þá var hægt að hefja samstarf og bauð Grandaskóli börnunum í heimsókn.

Í Ægisborg eru alltaf nokkur börn sem fara í Melaskóla. Í vor þá bauð Melaskóli börnunum í Ægisborg í heimsókn. Þetta er vonandi komið til að vera, að börnin fái að koma í eina heimsókn í Melaskóla þrátt fyrir að Grandaskóli sé samstarfsskóli Ægisborgar.

6 Foreldrasamvinna

Lærdómssamfélagið Ægisborg samanstendur af börnum, foreldrum og starfsfólki. Í því er menntandi umhyggja lykilatriði og að samskipti byggja á virðingu. Ekkert kemur í stað góðra og notalegra samskipta heimilis og skóla.

Í foreldraráði Ægisborgar sitja 4 fulltrúar. Auglýst var eftir fulltrúum í ráðið og gáfu 2 kost á sér áfram og 2 komu nýir inn og skipa þeir aðilar foreldraráð Ægisborgar. Ráðið er m.a. ráðgefandi um starfsáætlun, sumarlokun og annað sem viðkemur breytingum á starfsemi er lagt fyrir foreldraráð. Sumarlokun var ákveðin í samráði við foreldraráð en það má segja að það sé komin sú hefð í Ægisborg að sumarlokum sé frá annarri viku júlímánaðar og fram í aðra viku í ágúst. Ráðið fundaði nokkrum sinnum með stjórnendum liðið starfsár, en þess á milli fóru samskipti fram með tölvupóstum. Liðsinni ráðsins var dýrmætt, en það hefur komið við sögu vegna framkvæmda á húsnæði leikskólans.

Foreldraráð 2021-2022 skipuðu: Iðunn Vignisdóttir, Krístrún Gunnarsdóttir, Halla María Ólafsdóttir og Örn Úlfar Sævarsson. Nýtt ráð verður skipað að hausti.



Langþráð vöflukaffi í Ægisborg.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í Ægisborg verða sem hér segir:

- 19. ágúst 2022- sameiginleg dagsetning með grunnskólum
- 17. nóvember 2022 – sameiginleg dagsetning með grunnskólunum
- 6. janúar 2023
- 19. – 21. apríl námsferð til Stokkhólms
- 10. maí 2023 sameiginleg dagsetning með grunnskólunum

Sumarlokun sumarið 2023 verður 10. júlí – 8. ágúst.

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Ég sé ykkur. Takk fyrir lesturinn!

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2022 – 2023 Ægisborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Ægisborgar skipa:

Iðunn Vignisdóttir
Kistrún Gunnarsdóttir
Halla María Ólafsdóttir
Örn Úlfar Sævarsson

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð Ægisborgar hefur farið yfir fyrirbyggjandi starfsáætlun leikskólans og lýsir yfir ánægju með hana. Tenging starfsins við menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ er skýr og metnaðarfull.

Foreldraráð fagnar þeim framkvæmdum sem áttu sér stað frá september 2021 til janúar 2022 og telur að stjórnendur og starfsmannahópur Ægisborgar hafi unnið ákveðið þrekvirki þegar heimsfaraldur og flutningar milli bygginga þurftu að ganga upp. Við bindum vonir við að þeim framkvæmdum sem hófust í júní verði lokið þegar leikskólaárið lifnar við á ný eftir sumarfrí. Um leið



Lýsum við yfir áhyggjum af því að enn hafi ekki verið ráðist í þær framkvæmdir sem þurfa að eiga sér stað vegna starfsmannaaðstöðu leikskólans.

Ánægja er með það samstarf sem Ægisborg hefur tekið þátt í sl. skólaár, svo sem samstarf Öldudeildar við Myndlistaskóla Reykjavíkur og samstarfið við KR. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundar í hverfinu hélst ekki vegna heimsfaraldurs en við vonumst til að hægt sé að taka upp þráðinn á komandi skólaári.

Starfið í Ægisborg er til eftirbreytni og starfsáætlun ársins 2022-2023 er í góðu samræmi við það. Foreldraráð þakkar samstarfið á skólaárinu og bindur vonir við það að Ægisborg haldi áfram að vera fyrirmyndar leikskóli þar sem metnaðarfullt starfsfólk og ánægð börn vinna vel saman.



ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 S		1 M		1 F		1 M		1 M	Fullveldisdagurinn	1 L	Nýársdagur	1 Þ		1 Þ		1 F		1 S	Verkalýðsdagurinn	1 M	
2 M	Frídagur verslunarmanna	2 F		2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 M	Foreldrasamtöl Öldudeild	2 L		2 M		2 F	
3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 F		3 M	Foreldravíka	3 F		3 F	Foreldrasamtöl Öldudeild	3 S		3 Þ		3 F	
4 M		4 L		4 M		4 F		4 L		4 Þ	Foreldravíka	4 F		4 F		4 M		4 M		4 L	
5 F		5 S		5 Þ	Kynningartundur Koti	5 F		5 S		5 M	Foreldravíka	5 L	Dagur stærðfræðinnar	5 L		5 Þ	Barnamenningarhátíð hefst	5 F		5 S	Hvítasunnudagur
6 F		6 M		6 M	Kynningartundur Fjórudeild	6 L		6 M		6 F	Skipulagsdagur Ægisborg 41 árs	6 S	Dagur leikskólans Leikskólaráðstefnan/Skipulagsdagur í Ægisborg	6 S		6 M		6 F		6 M	Annar í Hvítasunnu
7 L		7 Þ		7 F		7 S		7 Þ		7 F	Foreldravíka	7 M		7 M		7 F		7 L		7 Þ	
8 S		8 M	Dagur læsis	8 F		8 M	Baráttudagur gegn einelti	8 M	Aðventukaffi í Ægisborg	8 L		8 Þ		8 Þ	Foreldrasamtöl Bárudeild	8 F		8 S		8 M	
9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 M	Foreldrasamtöl Bárudeild	9 L		9 M		9 F	
10 Þ		10 F		10 S		10 M	Skipulagsdagur í Ægisborg	10 F		10 M		10 F		10 F		10 S	Pálmasunnudagur	10 Þ	Skipulagsdagur í Ægisborg	10 F	
11 M		11 L		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F	Dagur íslenska táknmálsins	11 F		11 M		11 M		11 L	
12 F	Skipulagsdagur í Ægisborg	12 S		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 L		12 L		12 Þ		12 F	Skipulagsdagur í Ægisborg	12 S	Sjómanna dagurinn
13 F		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 S		13 S		13 M		13 F		13 M	Vatnsdagur í Ægisborg
14 L		14 Þ	Kynningartundur Öldudeild	14 F		14 S		14 Þ		14 F	Skipulagsdagur í Ægisborg	14 M	Bolludagur	14 M	Dagur stærðfræðinnar	14 F	Skírdagur	14 L		14 Þ	
15 S		15 M		15 F		15 M		15 M		15 L		15 Þ	Sprengidagur	15 Þ	Foreldrasamtöl Koti	15 F	Föstudagurinn langi	15 S		15 M	
16 M		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar tungu	16 F	Litlu jólin	16 S		16 M	Oskudagur	16 M	Foreldrasamtöl Koti	16 L		16 M		16 F	
17 Þ		17 F		17 S		17 M	Skipulagsdagur í Ægisborg	17 F		17 M		17 F		17 F		17 S	Páskadagur	17 Þ	KR sýning	17 F	Lýðveldisdagurinn
18 M		18 L		18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 F		18 M	Annar í páskum	18 M		18 L	
19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 L		19 L		19 Þ	Námstærð til Stokkhólms	19 F		19 S	
20 F		20 M		20 M		20 L	Dagur mannréttinda barna	20 M		20 F		20 S	Korudagur	20 S		20 M	Námstærð til Stokkhólms	20 F		20 M	
21 L		21 Þ	Kynningartundur Bárudeild	21 F		21 S		21 Þ		21 F	Bóndadagskaffi	21 M	Korudagskaffi í Ægisborg	21 M		21 F	Sumardagurinn fyrsti	21 L		21 Þ	
22 S		22 M		22 F		22 M		22 M		22 L		22 Þ		22 Þ	Foreldrasamtöl Fjórudeild	22 F		22 S		22 M	
23 M	Skipulagsdagur í Ægisborg	23 F	Skipulagsdagur í Ægisborg	23 L	Fyrsti vetrardagur	23 Þ		23 F	Þorláksmessa	23 S		23 M		23 M	Foreldrasamtöl Fjórudeild	23 L		23 M		23 F	Íþróttahátíð
24 Þ		24 F		24 S		24 M		24 F	Aðfangadagur jóla	24 M		24 F		24 F		24 S		24 Þ		24 F	Hreyfisdagur
25 M		25 L		25 M		25 F		25 L	Jóladagur	25 Þ		25 F		25 F		25 M		25 M		25 L	
26 F		26 S	Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ		26 F	Vasaljósdagur í Ægisborg	26 S	Annar í jólum	26 M		26 L		26 L		26 Þ		26 F	Uppstigningardagur	26 S	
27 F		27 M		27 M	Alþjóðlegur bangs dagur	27 L		27 M		27 F		27 S		27 S		27 M		27 F		27 M	
28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 M		28 M		28 F	Vöflukaffi í Ægisborg	28 L		28 Þ	
29 S		29 M		29 F		29 M		29 M		29 L				29 Þ		29 F		29 S		29 M	
30 M		30 F		30 L		30 Þ		30 F		30 S				30 M		30 L		30 M		30 F	
31 Þ				31 S				31 F	Gamlársdagur	31 M				31 F				31 Þ	Útskrift elstu barna		

Í reglum um leikskólaláðjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í s umarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórñendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjólskyldur í Reykjavík.